



19. maí 2022

Tilv.: 2204137

Ljósleiðarinn ehf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Efni: Staðfesting lýsingar – Ljósleiðarinn ehf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) hefur að undanfögnu haft til athugunar drög að lýsingu fyrir Ljósleiðarann ehf. sem samanstendur af útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu.


Fjármálaeftirlitið hefur gert ýmsar athugasemdir við form og efni þeirra draga sem lögð hafa verið fram og fengið svör og úrbætur og vísast um það til bréfaskipta og viðræðna við tengilið Ljósleiðarans ehf. Yfirferð fjármálaeftirlitsins er gerð með tilliti til laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði (llv.) og framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB. Athugun fjármálaeftirlitsins á fyrrnefndri lýsingu er nú lokið.

Með vísan til 3. mgr. 5. gr. llv. staðfestir fjármálaeftirlitið lýsingu Ljósleiðarans ehf., dags. 19. maí 2022, sem samanstendur af útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu.

Gjaldskrá Seðlabanka Íslands vegna sértækra aðgerða fjármálaeftirlitsins gildir um yfirferð fjármálaeftirlitsins, sbr. 4. mgr. 6. gr. llv. Reikningur verður sendur innan skamms.

Útgefanda er bent á að þegar fullbúin umsókn hefur verið send til skipulegs verðbréfamarkaðar eða viðskipti eru hafin á markaðstorgi fjármálagerninga stofnast skylda til að halda utan um innherjalista skv. 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2016 sem var innleidd með 1. mgr. 2. gr. laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og því þarf útgefandi að óska eftir aðgangi að gagnaskilakerfi á sedlabanki@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,



Páll Friðriksson
framkvæmdastjóri
markaðir og viðskiptahættir



Sí Ásmundur Ingvi Ólason
sérfræðingur í lýsingum
markaðir og viðskiptahættir

CENTRAL BANK OF ICELAND